



Niðurstöður fuglatalninga á
votlendissvæðum Skagafjarðar árið
2006

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

NNV-2006-005
Desember 2006



NÁTTÚRUSTOFA Norðurlands vestra

Lykilsíða

Skýrslunúmer: NNV-2006-005	Dagsetning: 02.12.2006	Dreifing: -X- Opin ---Lokuð til -----
Heiti skýrslu: Niðurstöður fuglatalninga á votlendissvæðum Skagafjarðar árið 2006	Upplag: 10	Fjöldi síðna: 7
Höfundur / höfundar: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir	Verkefnisstjóri / verkefnisstjórar: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir	
Gerð skýrslu / verkstig:	Verknúmer:	
Unnið fyrir: Náttúrustofu Norðurlands vestra		
Samvinnuaðilar:		
Úrdráttur: Fuglalíf á vötnum og tjörnum í næsta nágrenni við og innan friðlandsins við Miklavatn og Borgarskóga var kannað dagana 29.-30. maí og 20.-21. júlí 2006. Fuglalíf á vötnum í Austara Eyrlandinu og Hegranesi var kannað samhliða. Í maí sáust flestir fuglarnir við Garðsvatn og Tjarnartjörn, þar sáust einnig flestar tegundirnar. Í júlí sáust flestir fuglarnir á Miklavatni en flestar tegundir voru við Áshildarholtsvatn. Líklegt verður að teljast að hret sem skall á í maí hafi haft áhrif á afkomu fugla en nokkur fjöldi fugla yfirlagaf hreiður sín í kjölfarið.		
Lykilord: Fuglalíf, Austara Eyrlandið, Hegranes, Miklavatn, Vöktun vatna, Skagafjörður	ISBN-númer:	
Undirskrift verkefnisstjóra: <i>þórdís vilhelmína bragadóttir</i>	Yfirlitarið af: Helgi Páll Jónsson Þorsteinn Sæmundsson	

Inngangur

Árið 2003 var fuglalíf í friðlandinu við Miklavatn og Borgarskóga kannað. Samhliða því var talið á nokkrum vötnum innan Austara Eyrlandsins og í Hegrænesi (Guðmundur A. Guðmundsson 2006). Vorið 2006 var ákveðið að endurtaka talningarnar á þessum vötnum og bæta við svæðum í nágrenninu. Til stendur að þessar talningar verði framkvæmdar árlega. Framkvæmd var í höndum starfsmanna Náttúrustofunar, Þórdísar Vilhelmínu Bragadóttur líffræðings sem sá um talningar og Elísabetar Jansen sem aðstoðaði.


Athugunarsvæðið

Athugunarsvæðið náði yfir öll vötn og tjarnir innan Friðlandsins við Miklavatn og Borgarskóga og í næsta nágrenni við það (mynd 1). Fyrir utan Slappatjarnir og aðrar tjarnir innan Borgarskóga, þar sem ekki reyndist unnt að komast að þeim. Einnig var talið á Holtstjörn í Geldingarholti og tjörnum við Alexandersflugvöll og hesthúsahverfið. Þá var talið á flestöllum vötnum innan Austara Eyrlandsins og í Hegrænesi nema Urriðavatni.

Aðferðir

Talningar fóru fram dagana 29.-30. maí og 20.-21. júlí 2006. Talið var á tjörnunum við hesthúsahverfið og Alexandersflugvöll, í Austara Eyrlandinu og Hegrænesi 29. maí og 20. júlí. Fuglar við Tjarnartjörn, Áshildarholtsvatn, Lómatjörn, Miklavatn og Holtstjörn voru taldir dagana 30. maí og 21. júlí.

Talið var með fjarsjá af útsýnisstöðum við vötnin. Reynt var að velja staði þar sem vel sást yfir. Við nokkur vötn varð að telja af fleiri en einum stað þar sem ekki sást yfir viðkomandi vatn frá einum stað. Talið var af sömu stöðunum í maí og í júlí. Við Miklavatn var talið af sömu stöðum og árið 2003 (Guðmundur A. Guðmundsson 2006).



Mynd 1. Athugunarsvæðið þar sem talningar fóru fram á vötnum í nágrenni við og innan friðlandsins við Miklavatn og Borgarskóga, Austara Eyrlandisins og Hegrana dagana 29.-30. maí og 20.-21. júlí 2006.

Niðurstöður og umræður

Talningar í maí

Í maí 2006 sáust 1769 fuglar af 25 tegundum á 14 svæðum. Flestar tegundir sáust við Tjarnartjörn og Garðsvatn, 14 við hvort vatn. Fæstar tegundir sáust á Ásvatni, 4. Flestir fuglar sáust við Miklavatn.

Algengasta tegundin var skúfönd og sást hún jafnframt á öllum talningasvæðunum. Næst algengust var hettumáfur sem sást á 11 svæðum. Sjö tegundir sáust aðeins á einum stað (tafla 1).

Tafla 1. Niðurstöður talninga á vötnum og tjörnum í og við friðlandið við Miklavatn og Borgaskóga, Austara Eylendið og Hegrane dagana 29.-30. maí 2006.

Tegund	Tjarnir við hesthús	Tjarnir við Alexandersflugvöll	Keldudalur - Hróarsdalur	Hól mavatn	Hendilkotsvatn	Ásvatn	Svanavatn	Garðsvatn	Nesvatn	Tjarnartjörn	Áshildarholtsvatn	Lómajörn	Miklavatn	Holtstjörn	Samtals
Lómur											1				1
Himbrimi				2											2
Flórgoði		1			3	6	11	21			2			7	51
Fyll			14												14
Álf		27	4				1	6	2	2	2	2	6	2	54
Grágæs	2		14					64	2	19	5	1	25	6	138
Rauðhöfði	3	13	2	5		5	15	4	9	21			12		89
Gargönd	2	4							4	6					16
Urtönd		3	1			2									6
Stokkond		7	1	7		2	24			2		2			45
Skúfönd	6	11	2	2	34	8	17	58	1	19	16	14	88	6	282
Duggönd							1	2	5				97		105
Æðarfugl										2					2
Toppönd									2	10	10	4	4		30
Tjaldur											1				1
Sandlöa		2		2						1					5
Heiðlöa	2			1				5			2				10
Lóupræll			1												1
Jaðrakan		5					2	9				1	2		19
Stelkur	3	4	11	2		1	4		4				1		30
Óðinshani	30	16		2				16				2	1		67
Hettumáfar	4	16	57	3	2	100	49	2	1		1		42		277
Stormmáfur		2					3		3						8
Sílamáfur										81					81
Kría	1	45		1	3	30		39	3	78	72				272
ógr. endur	1								2				96		101
ógr. máfar									1	17			44		62
Samtals	22	98	104	101	59	46	141	317	18	257	139	26	375	66	1769

Talningar í júlí

Í júlí sáust 1283 fuglar af 25 tegundum á þeim 14 stöðum sem talið var á. Flestar tegundir sáust á Áshildarholtsvatni eða 13. Næst á eftir komu Garðsvatn og Tjarnartjörn með 11 tegundir hvort vatn. Fæstar tegundir sáust á Nesvatni eða 4. Flestir fuglar sáust á Miklavatni sem kemur ekki á óvart því vatnið er vinsælt meðal margra andfuglategunda á meðan þær fella flugfjaðrirnar.

Algengasta tegundin var álftrum sem sást á 8 stöðum og sáust flestar þeirra, 385 talsins, á Miklavatni. Hettumáfar sáust á flestum vötnunum eða 10 svæðum og var hann þriðja algengasta tegundin (tafla 2).

Tafla 2. Niðurstöður talninga á vötnum og tjörnum í og við friðlandið við Miklavatn og Borgarskóga, Austara Eyrlandi og Hegranes dagana 20.-21. júlí 2006. Ungar eru ekki inni í þessari töflu.

	Tjarnir við hesthus	Tjarnir við Alexandersflugvöll	Hróarsdalur- Keildalur	Hólmavatn	Hendilkotsvatn	Ásvatn	Svanavatn	Gardsvatn	Nesvatn	Tjarnartjörn	Áshildarholtsvatn	Lómatjörn	Miklavatn	Holtstjörn	Samtals
Lómur												1			1
Flórgoði					5	3	6	7		1			4		26
Fýll				7											7
Álftrum			2		2			5	4	1	4		385	2	405
Grágæs							2						6		8
Rauðhofðoi	1	1		6			5		1	8					22
Gargönd			1		1	4				8					14
Urtönd		1	1				5								7
Stokkond	1		1		3	4	2				1				12
Skúfönd	1	1	1	1	15	24	44				20				107
Duggönd					3					1	1				5
Toppönd	1			1	1		2			5	3				13
Sandlöa				2					6						8
Heiðlöa							1								1
Jaðrakan		1								2	1				4
spói									1						1
Stelkur							1								1
Óðinshani		8	1				1				2				12
Kjói						1				1					2
Hettumáfar	4	19		11		1	8	29	7	39	4	1			123
Stormmáfur		1								12					13
Sílamáfur									5			1			6
Svartbakur													1		1
Kría		85	3	3	7	3			5	20	14		4		144
ógr. endur			3		2	5	1	5			5		239	66	326
ógr. máfar								1		8			5		14
Samtals	8	117	11	24	22	36	48	109	17	101	73	2	636	77	1283

Illa gekk að greina margar endur til tegundar. Einkum á Miklavatni þar sem veður og mikil fjarlægð gerði greininguna erfiðari en ella. Minna sást af mófuglum í júlí en maí. Líklegt er að þeir séu ekki mikið við vatnsbakkana á þessum árstíma. Fjórar tegundir sem

sáust í maí sáust ekki í júlí og þrjár sáust í júlí sem sáust ekki í maí. Aðeins sáust 1-2 fuglar af þessum tegundum.

Talningar í júlí - ungar

Alls sáust 218 ungar af 10 tegundum á 13 stöðum (tafla 3). Mest sást af skúfandarungum en minnsta af lómaungum. Andarungar voru 145 og deildust niður á 35 kollur. Hver kolla var því með 4,1 unga að meðaltali.

Tafla 3. Fjöldi unga sem sást við talningar á vötnum og tjörnum í og við friðlandið við Miklavatn og Borgarskóga, Austara Eylendið og Hegrana dagana 20.-21. júlí 2006.

Tegund	Tjarnir við Hesthús	Tjarnir við Alexanderflugvöll	Hróarsdalur-keldudalur	Hólmatn	Hendilkotsvatn	Ásvatn	Svanavatn	Garðsvatn	Nesvatn	Tjarnarijörn	Áshildarholtsvatn	Lómajörn	Miklavatn	Holtstjörn	Samtals
Lómur												2			2
Flórgoði					1		1			1					3
Álf							8	11	2	5			6		32
Rauðhöfði	3	7								1	19				30
Gargönd						5									5
Stokkond	6		7			1				2					16
Skúfönd		4		8		24				3					39
Duggönd				8				4							12
Toppönd										10					10
Sandlöba															0
Hettumáfar	5	1		4		1	8		3						22
ógr. endur			11				8			4		3	7		33
ógr. máfar		7							7						14
Samtals	14	19	18	0	13	8	7	49	11	17	44	2	3	13	218

Lokaorð

Í lok maí skall á hret á norðan- og austanverðu landinu. Erfitt er að meta hversu mikil áhrif hretið hafði á varp fugla því samanburð vantar við önnur ár. Ekki reyndist unnt að bera niðurstöðurnar saman við athuganir sem fram fóru sumarið 2003 en þær fóru fram hálfum mánuði seinna en sumarið 2006. Samanburðurinn gæfi því skakka mynd af fuglalífi svæðisins þar sem fjöldi og tegundasamsetning fugla á vötnunum væri ekki sambærileg vegna þess hversu mislangt var liðið á álegutímann þegar athuganirnar fóru fram.

Líklegt verður að teljast að hretið hafi haft áhrif á afkomu fugla. Varp var hafið hjá mörgum tegundum þegar byrjaði að snjóa og ljóst að fjöldi fugla yfirgaf hreiður. Hvort þeir fuglar hafi reynt aftur varp er ekki vitað. Talningin í maí 2006 var framkvæmd stuttu eftir að snjóa leysti og verður því áhugavert að bera niðurstöðurnar saman við talningar á komandi árum.

Heimildir

Guðmundur A. Guðmundsson 2006. Fuglalíf í friðlandinu við Miklavatn 2003.
Náttúrustofa Norðurlands vestra NNV-2006-002

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Aðalgata 2, Pósthólf 112, 550 Sauðárkróki, Sími 453 7999, Fax 453 7998

Netfang nnv@nnv.is, Heimasíða <http://www.nnv.is>

Natural Research Centre, of North-western Iceland

Adalgata 2, P.O.Box 112, 550 Saudarkrokur, Tel. +354 453 7999, Fax +354 453 7998

E-mail nnv@nnv.is, Web page <http://www.nnv.is>